

## 12. stjórnarfundur Siðmenntar

Haldinn fimmtudaginn 1. desember 2022, kl. 17:00 á skrifstofu Siðmenntar, Laugavegi 178

**Mætt á fund:** Inga Auðbjörg K. Straumland (formaður), Sveinn Atli Gunnarsson (varaformaður), Kristín Sævarsdóttir (gjaldkeri), Sigurður Rúnarsson (ritari), Mördur Árnason (varamaður), Hope Knútsson (varamaður), Guðjón Sigurbjartsson (varamaður) og Sigprúður Guðmundsdóttir (framkvæmdastjóri). Fjarfund sat Kristín Helga Schiöth (aðalmaður). Stefán Rafn Sigurbjörnsson (varamaður), boðaði forföll.

**Fundarritun:** Sigprúður Guðmundsdóttir

### Fundargerð

#### 1. Skýrsla framkvæmdastýru

- Borgaraleg ferming; 684 börn skráð, unnið að námsfyrirkomulagi fyrir börn með sérþarfir, leiðbeinendanámskeið í nóvember gekk vel en talsverð forföll vegna veikinda, aukanámskeið verður haldið 4. janúar.
- Starfskonur stefna að því að vera allar á skrifstofunni á miðvikudögum og hvetja á nýju ári athafnastjóra og félagsfólk til að kíkja við.
- Nýlega var haldinn fundur þar sem fulltrúar starfsfólks, stjórnar, athafnaráðs og athafnastjóra sem sjá um útfarir ræddu um sálgæslu og aðra þjónustu tengda dauðanum. Þar kom fram mikill vilji til að bjóða upp á veraldlega sálgæslu. Málið í höndum framkvæmdastýru og verkefnisstýru athafna.

#### 2. Siðmennt í desember

- Vetrarsólstöður; ákveðið að vera með opið hús í húsnæði Siðmenntar klukkan 16-18 á vetrarsólstöðum, framkvæmd í höndum starfskvenna
- Desembergleði starfsfólks og stjórnar; starfsfólki falinn undirbúningur
- Jólahugvekja á X-inu; framkvæmdastýru falinn undirbúningur
- Listagjöf, tónleikar fyrir jaðarsetta hópa, framkvæmdastýru falinn undirbúningur

#### 3. Hugmyndafræði

Framkvæmdastýra stingur upp á laugardeginum 28. janúar sem vinnudegi

#### 4. Sálgæsla og sorgarþjónustu heilbrigðiskerfis við fólk með mismunandi lífsskoðanir

Samþykkt að hefja eftir áramótin vinnu sem miðar að því að tryggja aðgengi fólks með mismunandi lífsskoðanir að sálgæslu og annarri þjónustu heilbrigðiskerfisins sem tengist lífslokum og sorg. Rætt um málþing og fund með forsvarsfólki Landspítalans.

#### 5. Aðalfundur

Dagsetning verður ákveðin á næsta stjórnarfundum

**6.** Næsti fundur verður haldinn sem fjarfundur 15. desember klukkan 17-18

Fleira ekki gert og fundi slitið